

Fjármálaeftirlitið  
bt. Unnar Gunnarsdóttur forstjóra  
Höfðatúni 2

105 Reykjavík

Garðabær 23. ágúst 2012

Ég rita yður bréf þetta til að vekja athygli á úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál A-436/2012 sem birtur var hinn 15.08 sl. Sjá meðfylgjandi fylgiskjal nr. 2.

Málsefnið var að ég hafði leitað til nefndarinnar eftir árangurlausar tilraunir við að fá upplýsingar úr fjármálaráuneyti vegna upplýsinga um Arionbanka(Nýja Kaupþing) og skilanevnd Kaupþings.

Þær upplýsingar sem ég leitaði sérstaklega eftir voru um það hvernig hefði háttað samningum íslenska ríkisins og þáverandi ríkisbanka Arionbanka við skilanevnd Kaupþings og sérstaklega stofnað dótturfélag þess Kaupskil hf. um endurmat á útlánasafni Kaupþings sem flutt var yfir í nýja bankann samkvæmt úrskurðum Fjármálaeftirlitsins á grundvelli neyðarlaganna í október 2008.

Skemmst er frá því að segja að með vísan til 3. gr upplýsingalaga sbr. 5. gr laganna var mér synjað um aðgang að efnisatriðum umbeðinna samninga, hinsvegar fékk ég staðfest á grundvelli 9. gr. upplýsingalaga það sem ráða má af skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna frá í mars 2011 að í Arionbanka hafi verið til sérstakur listi um endurvinnslu afskrifta tiltekinna útlána sömuleiðis staðfesti úrskurðarnefndin að á listanum væri að finna nafn félags míns B. M.VALLÁ hf.

Öðrum hlutum erindis míns vísaði úrskurðarnefndin frá á þeim grundvelli að fjármálaráðuneytinu hefði ekki gefist nægjanlegt tækifæri til að taka afstöðu til þess. Af því tilefni hef ég ritað ráðuneytinu nýtt bréf sem fylgir bréfi þessu sem fylgiskjal 3.

Þær upplýsingar sem fram koma í þessum úrskurði staðfesta að í Arionbanka og skilanevnd Kaupþings var unnið að endurmati á lánanasöfnum þeim sem flutt voru yfir í nýja bankann á grundvelli áður nefndra úrskurða FME 14. og 19.10.2008. Tilvís. yðar 2008100036.

Eins og ég best veit hafa þeir úrskurðir aldrei verið afturkallaðir af Fjármálaeftirlitinu og eru því samkvæmt stjórnarsýslulögum enn hinn lögmæti grundvöllur um stofnun krafna nýja bankans.

Ef sá skilningur minn er réttur sýnist mér að sú vinna sem fram hefur farið í Arionbanka og skilanefnd Kaupþings sem skipuð var af Fjármálaeftirlitinu, kunni að hafa farið gegn þessum úrskurði FME með afdrifaríkum hætti fyrir mjög marga viðskiptavinum bankans þ.m.t. mig og félag mitt B.M.VALLÁ hf.

Ef það reynist hafa verið svo að Arionbanki og skilanefnd Kaupþings hafi unnið þvert á úrskurði stofnunarinnar og brotið með þeim hætti á hagsmunum viðskiptavina Arionbanka sýnist mér að ýmsir starfsmenn þessara aðila og stofnanirnar báðar að auki hafi að öllum líkindum brotið gegn ákvæðum 19. gr. laga 161/2002 um heiðarlega viðskiptahætti.

Í einstökum tilvikum kunna brotin einnig að falla undir ákvæði XXVI kafla laga nr. 19/1940 þegar þeir í vondri trú svo sem vegna þess að þeim var eða mátti vera ljós staða aðila vegna ólögmætra gengisbundinna lána og létu það engu skipta í framgöngu sinni við innheimtu ólögmætra krafna.

Því rita ég yður bréf þetta í fyrstu umferð áður en ég leita til annarra opinberra aðila að á yðar stofnun hvílir eftirlits og rannsóknarskyldan á hugsanlegum brotum á 19. gr. laga 161/2002. Samkvæmt þeim lögum og lögum 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfssemi hafið þér allar heimildir til að kalla eftir þeim gögnum sem mér var sýnt um aðgang að til að ganga úr skugga um hvort skilanefnd Kaupþings og Arionbanki hafi unnið í samræmi við ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt neyðarlögunum.

Það sem þegar er fram komið sýnist ótvírætt benda til þess að lög kunni að hafa verið brotin þar á bæjum og úrskurðir Fjármálaeftirlitsins virtir að vettugi.

Þótt það skipti ekki beint máli vegna þessa erindis míns vil ég taka fram að eftir að ég hélt minn blaðamannafund sl. mánudag og þá umfjöllun sem honum fylgdi hefur fjöldi manna hafa samband við mig símleiðis og sagt mér af "sínnum óföllum" í samskiptum við þessa sömu aðila. Það er enn ein vísbending um að hjá þeim kunni að hafa verið í gangi víðtæk og kerfisbundin aðgerð við að sniðganga úrskurði FME og reglur laga 107/2009 um endurreisn fjárhags heimila og fyrirtækja.

Því kalla ég eftir því að Fjármálaeftirlitið hefji formlega rannsókn á þessum málum og gangi ótvírætt úr skugga um það hvort unnið hefur verið gegn úrskurðum þess og lögum 107/2009.

Sem fylgisskjal 1 með bréfi þessu læt ég fylgja nafnalista yfir þá einstaklinga í Arionbanka og skilanefnd Kaupþings sem um mín mál fjölluðu og stutta lýsingu á framgangi þeirrar vinnu sem við hjá B.M.VALLÁ hf. áttum með öllum kröfuhöfum félagsins. Á meðan allir aðrir kröfuhafar unnu með okkur með jákvæðum hætti var Arionbanki eini kröfuhafinn sem aldrei gaf færi á að vinna með okkur að fjárhagslegri endurskipulagningu þrátt fyrir nýsett lög 107/2009.

Það hefur lengið verið á kreiki orðrómur sem mér barist til eyrna frá starfsmönnum innan úr bankanum sem og öðrum haft eftir sömu aðilum að á árinu 2009 hafi verið í gangi vinna í þeirri deild sem annaðist fjárhagslega endurskipulagningu í bankanum um það að yfirtaka félagið. Það veit ég fyrir vísit að um



B.M.VALLÁ hf. stóð togstreita milli þeirrar deildar og fyrirtækjasviðs bankans sem vildi vinna með okkur að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Haustið 2009 eftir því sem samningar við íslenska ríkið þokuðust fram um að skilanefndin myndi taka við ríkisbankanum Arionbanka sýnist sem örlög B.M.VALLÁ hf. verið ráðin og ákveðið hafi verið að yfirtaka félagið. Þrátt fyrir að við hefðum þá þegar m.a. vegna umræðna um hugsanlegt ólögmati gengisbundinna lána samanber skýrslu Seðlabankans þar um á árinu 2009 varað við því að lán bankans til félagsins væru líklegast þeim vafa undirorpin.

Bréf þetta rita ég stofnun yðar fyrst áður en annað er leitað út frá þeim almennu sjónarmiðum um meðalhóf að freista þess að fá fyrst fram rannsókn á minni lagabrotum samkvæmt sérlögum áður en gengið er eftir rannsókn á meiriháttar lögbrotum á almennum hegningarlögum.

Virðingarfyllt,



Víglundur Þorsteinsson

Meðfylgjandi fylgiskjöl nr.:

1. Minnisblað/nafnalisti
2. Úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál
3. Nýtt bréf til fjármálaráðuneytisins